

Dags eftirlits	28.11.2017	Ábyrgðarmaður eftirlits	Guðbjörg Stella
Fyrirtæki	Hlaðbær-Colas	Eftirlitsmaður	Sverrir Aðalsteinn
Heimili	Gullhelli 1	Tegund eftirlits	Reglubundið
Kennitala	4201871499	Flokkur	Malbik
Fulltrúi fyrirtækis	Harpa Þrastardóttir	ÍSAT nr.	26.82.9
Fulltrúi fyrirtækis	Sigpór Sigurðsson	Staðsetning	352977,735 396393,374

Niðurstaða eftirlits

Engar athugasemdir voru gerðar í eftirlitinu en fjögur frávik komu fram varðandi að mæling á ryki fór ekki fram árið 2016, of hárra gilda á ryki í úrblæstri árið 2017, hraði útblásturs er ekki nægjanlegur, mælingar á frárennsli fyrir árið 2016 fóru ekki fram og að byggingu fínefnageymslu er ekki lokið skv. úrbótaáætlun.

Umfang eftirlits

Rekstraraðili hefur heimild til að framleiða allt að 240t á klukkustund af malbiki, auk reksturs tilheyrandi hráefnisgeymsla, verkstæða og annarrar þjónustu fyrir eigin starfsemi á lóð fyrirtækisins að Gullhelli 1.

Haldinn var samráðsfundur í tengslum við eftirlitið sem rekstraraðili boðaði til. Fundinn sátu fulltrúar rekstraraðila og Umhverfisstofnunar. Fyrir fundinn voru lagðar fram niðurstöður ryk og hljóðmælinga, umhverfismarkmið, yfirlitsskýrsla 2017 og staðfesting ISA14001 vottnar.

Farið var yfir starfsleyfið og minnt á skiladaga skv. því. Rekstur var ekki í gangi er eftirlitið fór fram og árlegu vetrarviðhaldi sinnt á þessum árstíma.

Farið var yfir niðurstöður síðasta eftirlits. Engar athugasemdir voru gerðar í því eftirliti en tvö frávik komu fram varðandi of hárra gilda á ryki í úrblæstri og of hárra gilda svifagna í frárennsli. Rekstraraðili sendi inn úrbótaáætlun varðandi þessi frávik sem var samþykkt af stofnuninni. Þar kom fram að gera átti aðra mælingu á ryki og frárennsli í sept. 2016 og meta næstu skref m.t.t. niðurstaðna þeirra mælinga. Ekki náðist að gera þessar mælingar árið 2016. Mælingar á ryki fóru fram þann 10. október sl. og voru gildin mikið yfir mörkum starfsleyfis, eða 1.006 mg/Nm³, mörk starfsleyfis eru 50 mg/Nm³. Ástæður þessa háa gildis eru taldar vera að síupoki féll niður í reykheinsibúnaðunum. Var síuhúsið skoðað í byrjun október (mánaðarleg reglubundin skoðun) og var þá í lagi en við skoðun í lok sama mánaðar kom í ljós að poki hafði fallið niður. Búið er að panta nýjan búnað til símmælingar á ryki í útblæstri og verða gerðar nýjar mælingar á ryki í tengslum við uppsetningu þess búnaðar, væntanlega í mars nk. Reiknað er með að mælingar í frárennsli verði teknar í byrjun desember. Sjálfvirk vöktun er á skiljunum og verða þær tæmdar í tengslum við næstu mælingu.

Vöktunarbúnaður er yfirfarinn og kvarðaður árlega af framleiðanda stöðvarinnar, sem fylgir leiðbeiningum frá framleiðendum vöktunarbúnaðarins. Verkís sér um mælingar sem framkvæma á skv. starfsleyfi.

Hljóðmælingar voru gerðar í maí sl. og voru gildin innan marka reglugerðar nr. 933/1999 um hávaða.

Eitt frávik frá eftirliti ársins 2011 var enn ófrágengið en unnið er eftir úrbótaáætlun vegna þessa. Gerir hún ráð fyrir því að byggingu fínefnageymslu verði lokið árið 2017. Rekstraraðili var langt kominn með undirbúning að byggingunni þegar breyta þurfti hönnun hússins. Verið er að fara betur yfir þau mál og frestast því byggingin fram til næsta árs. Rekstraraðili skal vinna

nýja, tímasetta áætlun v. þessara breytinga og senda til eftirlitsaðila.

Farið var yfir rekstur stöðvarinnar frá síðasta eftirliti en stöðin hefur verið í gangi meira og minna allt árið fyrir utan eðlileg stopp vegna viðhalds og óhagstæðar veðráttu. Engar kvartanir haf borist rekstraraðila né eftirlitsaðila. Engin mengunarslys hafa orðið frá síðasta eftirliti. Engar breytingar á starfseminni né aðstöðu eru fyrirhugaðar á næstunni fyrir utan byggingu fínefnageymslunar skv. úrbótaáætlun. Rekstraraðili hefur fengið leyfi fyrir færanlega malbikunarstöð hjá Heilbrigðiseftirlits Hafnarfjarðar- og Kópavogssvæðis og er hún staðsett á Keflavíkurflugvelli. Einnig hefur rekstraraðili leyfi fyrir færanlegri malbikunarstöð frá Heilbrigðiseftirliti Austurlands sem staðsett hefur verið á Reyðarfirði en hefur nú verið færð til Húsavíkur. Bent er á að sækja þarf um leyfi fyrir stöðinni til Heilbrigðiseftirlits Norðurlands eystra. Mikil og góð verkefnastaða er framundan hjá fyrirtækinu. Verkefni um gróðursetningu trjáa allt í kringum lóð stöðvarinnar og við Hvaleyjarvatner enn í fullum gangi, er markmiðið að gróðursetja um 300 tré á lóðinni.

Skráningar í rekstrardagbók eru rafrænar og aðgengilegar starfsmönnum og eftirlitsaðilum í eftirliti. Kvittanir frá móttökuaðila v. móttöku spilllefna voru til staðar.

Rekstraraðili er með ISO 9001;2008 vottun auk Factory Production Control vottun sem gefur heimild til CE merkingar. Að sögn rekstraraðila er mikil áhersla lögð á umhverfismál í innri úttektum fyrirtækisins. Orkusparnaðaráttak er hjá Colas samsteypunni og er rekstraraðili aðili að því átaki. Unnið er að aukinni rafmagnsvæðingu og skrifað hefur verið undir loftslagsskilmála FESTA. Úttekt vegna aðildar að ISO 14001 vottun fór fram í apríl sl. og hefur afrit af þeirri vottun verið sent eftirlitsaðila. Fáar athugasemdir komu fram við úttektina og hefur verið brugðist við þeim.

Átak hefur verið gert í efnaþerkingum og uppfærslu á öryggisblöðum. Einnig hafa flokkunarmál úrgangs verið endurskoðuð og komin í góðan farveg.

Gengið var um vinnslusvæði stöðvarinnar og aðstæður skoðaðar. Lóðin er afgirt og aðgangur takmarkaður. Færibönd eru yfirbyggð og svæðið snyrtilegt yfir að líta.

Frávik frá	Lýsing á fráviki
Gr. 2.2 í starfsleyfi	Magn heildarryks í útblásturslofti má ekki fara yfir 50 mg/Nm ³ . Gildi mælingar sem fram fór í október 2017 sýna gildi 1.006 mg/Nm ³ . Skv. úrbótaáætlun rekstraraðila verður uppsetningu á nýjum rykmælubúnaði lokið í maí 2018 og eftirlit með rykhreibúnaði aukið.
Gr. 2.3 í starfsleyfi	Hraði útblásturs skal vera minnst 20 m/s. Mæling sem gerð var í október sl. sýndi hraða útblásturs 18,1 m/s. Skv. úrbótaáætlun rekstraraðila þá verður sótt um endurskoðun á þessu ákvæði í nýrri umsókn um starfsleyfi.
Gr. 2.14 í starfsleyfi	Mælingar á frárennsli voru ekki gerðar árið 2016 og því ekki hægt að sýna fram á að fráveituvatn uppfylli kröfur starfsleyfisins. Skv. úrbótaáætlun rekstraraðila verður sýni tekið í desember 2017.

Gr. 2.6 í starfsleyfi

Hráefni sem geta fokið skulu geymd í lokuðum geymslum. Bygging fínefnageymslu er enn ekki lokið en skv. samþykktri úrbótaáætlun áttið að vera búíð að ljúka þeirri byggingu. Skv. úrbótaáætlun rekstraraðila eru verklok áætluð í júní 2018.

Athugasemdir

Engar athugasemdir voru gerðar í eftirlitinu.


Annað

Minnt á að yfirfara þarf þær áætlanir sem kveðið er á skv. starfsleyfi. Senda skal allar yfirfarnar áætlanir til eftirlitsaðila, gr. 1.5 frágangur vegna rekstrarstöðvunar, gr. 2.4 áætlun um rekstur og viðhald rykhreinsibúnaðar. 3.1. vöktunaráætlun útblásturs, frárennslis og hljóðstigs, gr. 4.4. viðbragðsáætlun til að hefta rykmengun við óhagstæð veðurskilyrði, bráðamengun sjávar og andrúmslofts.

Rekstraraðili sendi inn tímasetta úrbótaáætlun vegna frávikanna , með tölvupósti þann 14. des sl.

Viðstaddir samráðsfundinn voru Steingrímur Bragason, deildarstjóri framleiðslu, Heimir Hafliðason Stöðvarstjóri KWM, Hlynur Hjartason stöðvarstjóri Marini og Sigurður Björnsson deildarstjóri bikstöð.

Reykjavík, 19.12.2017



Guðbjörg Stella Árnadóttir

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Athugasemd: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta